



Hjálparsveitin

**DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 5. árg. Desember 2005



**FLUGELDAMARKAÐUR**

**DALBJARGAR HRAFNAGILSSKÓLA**



**RARIK**

Óseyri 9 • Sími 528 9000

---



*Sendum viðskiptavinum okkar  
óskir um heillaríkt nýtt ár  
með þökkum fyrir viðskiptin á árinu  
sem er að líða.*



# Leiðarinn

Á þessu ári hefur verið mikið um að vera í björgunargeiranum eins og undanfarin ár og oft hefur hjálparveitarfólk komið nauðstöddum til bjargar. Það eru að meðaltali um 2 útköll á hverjum degi hjá íslenskum björgunarsveitarmönnum. Allir sem eru að styrkja björgunarsveitir á einn eða annan hátt eru í rauninni að kaupa happadrættismiða, en það sem er öðruvísi en í öðrum happadrættum er að það vill enginn fá "vinn-ing". Þó veit enginn hvenær hann þarf á honum að halda, vonandi aldrei, en við erum alltaf til taks að koma til bjargar ef á þarf að halda.

Einnig er unnið gríðarlega mikið starf í forvörnum og slysavörnum á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í umferðinni, leikskólum og víðar, sem er að skila góðum árangri. Nýjasta átakið eru forvarnir með innkaupakerrur, en á hverju ári verða um 100 slys þegar börn eru að bröltla í innkaupakerrum og detta, og sum þeirra slasast alvarlega.

Dalbjörg hefur unnið mikið að forvarnarmálum. Átak í brunavörnum á heimilum hófst í Saurbæjarhreppi hinum forna 1985, en eftir sameiningu 3 hreppa 1991 hefur Dalbjörg séð um þetta í Eyjafjarðarsveit. Farið er ár hvert í byrjun desember og íbúum sveitarinnar boðið rahflöður í reykskynjara og skynjararnir prófaðir þeim að kostnaðarlausu. Fyrir tveimur árum var svo boðið uppá yfirferð á slökkvitækjum sem tími var kominn á að sinna, en einungis voru þau mál í góðu lagi á tveimur heimilum í sveitinni. Ekki eru margar björgunarsveitir á landinu sem bjóða upp á þessa þjónustu, og tel ég að þessi mál séu til fyrirmyndar í Eyjafjarðarsveit.

Grundvallaratriði fyrir svona starfsemi er að fá ungt fólk inn til að endurnýja mannskapinn. Þann 3. mars 2005 var stofnuð unglíngadeild hjá Dalbjörg sem heitir Bangsarnir. Þar er möguleiki fyrir krakka í 9. og 10. bekk

að byrja að kynnst starfi björgunarsveitarinnar og undirbúa þau fyrir nýliðastarfið í sveitinni. Í dag eru um 30 krakkar sem starfa í þessum félagskap með okkur, en þetta er mjög fróðlegt og skemmtilegt starf með hreyfingu og heilbrigðu líferni og hvet ég forráðamenn barna til að kynna sér þessa starfsemi, vil ég vísa til greinar aftar í blaðinu um unglíngadeildina.

Þeir sem hafa áhuga að fylgjast nánar með starfsemi Hjálparveitarinnar Dalbjargar bendi ég á heimasíðuna [www.dalbjorg.is](http://www.dalbjorg.is), en hún hefur fengið nýtt útlit með enn frekari upplýsingum.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa stutt okkur í gegnum tíðina, og gert okkur kleyft að vera eins öflug og við erum og vonast til að sjá ykkur sem flest í flugeldasölu okkar í Hrafnagilsskóla.

Gleðilegt ár,

**Elmar Sigurgeirsson**  
Formaður Dalbjargar.



**KT**  
**JEPPA & ÚTIVISTARVERSLUN**  
opið virka daga kl. 12:00-18:00

Bestu dekkinn í USA B og T 1700  
**TOYO TIRES**

storkveikjarar  
öflugar loftdælur  
LED höfuðljós  
LED vasaljós  
dekkjaviðgerðasett  
Lægra láadrif fyrir flesta jeppa  
K&N loftsíur sem endast

**www.kliptrom.is**  
Kliptrom ehf - Njarðarnesi 2 - 603 Akureyri - sími 466-2111





Katla, Helgi og Þorgils læknir sinna sjúklingi á flugslysaæfingunni.


## Flugslysaæfing

Laugardaginn 28. maí var haldin flugslysaæfing á Akureyrarflugvelli. Þá var sett á svið flugslys þar sem Fokker flugvél hafði farist í aðflugi með 50 farþega innanborðs. Allir viðbragðsaðilar s.s. slökkviliðið, lögreglan, björgunarsveitir, heilbrigðisstofnanir, Rauði krossinn og fleiri tóku þátt í þessari aðgerð. Við fórum með báða bílana okkar, sexhjól og skyndihjálparhóp á æfinguna. Bílarnir og hjólið voru notuð til að ferja sjúklinga innan svæðis og upp á sjúkrahús og skyndihjálparhópurinn vann með læknum í greiningarstöð. Auk okkar tóku krakkarnir í unglingsdeildinni þátt í æfingunni sem sjúklingar.

Þetta var mjög góð reynsla fyrir okkur, þar sem umgjörðin var mjög vönduð og sjúklingarnir litu út fyrir að vera með raunverulega áverka. Var þetta eitt af þremur verkefnum sem skyndihjálparhópurinn okkar tók þátt í á árinu og er hann að verða gríðarlega öflugur en innan hans eru nú 2 neyðarflutningamenn og 2 sjúkraflutningamenn sem starfa hjá Slökkviliði Akureyrar, 2 sérmenntaðir skyndihjálparmenn (WFR) auk margra fullmenntaðra félaga í Fyrstu hjálp.



Greiningarstöðin.



*Óska viðskiptavinum okkar*

*gleðilegs árs*

*með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*



# Landsæfing

Helgina 8.-9. apríl var landsæfing björgunarsveita haldin á Austurlandi. Voru það björgunarsveitir á Austurlandi sem skipulögðu æfinguna og tóku um 260 manns úr björgunarsveitum víðsvegar af landinu þátt í henni. Við fórum auðvitað líka með 20 manns í þremur hópum; tækjaflokki, skyndihjálparhóp og almennum flokki.

Lagt var af stað á föstudagskvöldi frá Akureyri og komið um miðnætti til Egilsstaða þar sem gisti var í grunnskól-  
anum. Allir voru reknir á fætur um 5 til að fara út og byrja að leysa verkefni sem voru á víð og dreif um Hérað. Við leystum mörg skemmtileg og krefjandi verkefni, en þó hefði mátt vanda sig betur við skipulagningu í sumum at-  
vikum. Við skemmtum okkur samt mjög vel og enduðum daginn á sundferð og grilli. Svo var haldið aftur heim á sunnudeginum, reynslunni ríkari.



Björgunarsveitarmenn sinna sjúklingi í sviðsettu slysi.

## Eldvarnarbúnaður og sjúkrakassar

Við fórum einnig okkar árlegu reykskynjarayfirferð um sveitina og skipt var um tæplega 300 rafhlöður á heimil-  
um sveitarinnar. Eins og venjulega gekk þetta mjög vel og fólk er greinilega ánægt með þetta framtak okkar. Einnig seldist eitthvað af slökkvitækjum og sjúkrakössum en þessar vörur er hægt að fá hjá okkur hvenær sem er.

Umsjónarmaður slysavarna,  
Sunna Axelsdóttir.



Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár

**VÉLATORG** ehf

Dalsbraut 1 - Sími 461 4007



## Bústólpi

*óskar viðskiptavinum sínum  
gleðilegrar jólahátíðar  
með þökk fyrir viðskiptin á  
líðandi ári.*



**Bústólpi**

FÓÐUR OG ÁBURÐUR



Hopurinn fyrir utan Hildarsel.

## Haustferð Dalbjargar

Föstudaginn 30. september kl 17:30 lagði Dalbjörg upp í enn eina haustferðina. Við hittumst eins og venja er í svokölluðu „gellunesti“ eða Shellnesti og vorum við 18 manns á 5 bílum. Ferðinni var heitið í Austurdal í Skagafirði og gistum við í skála Ferðafélags Skagfirðinga, Hildarseli.

Skálinn var mjög góður og byrjuðum við á því að fá okkur að borða og koma okkur fyrir. Þegar allir voru orðnir saddir og ánægðir sungum við og sögðum gamansögur fram eftir kvöldi. Haldið var af stað á laugardagsmorgni svona rétt fyrir hádegi og lá þá leiðin úr Austurdalnum og niður í Skagafjörð. Á þeirri leið stoppuðum við og skelltum okkur í kláfinn sem liggur yfir Eystri-Jökulsá og var það svakalega gaman, fólk var misjafnlega lengi að telja í sig kjark til að fara í þetta en höldum við nú að flestir hafi látið sig hafa það og var þetta bara mjög gaman, sumir voru reyndar mjög hræddir um að þetta væri þeirra síðasta en komust þó lifandi frá þessu öllu saman.

Úr Skagafirði lá leiðin upp í gegnum Gilhagadal og



Pétur! Þetta er ekki jeppi!

stoppuðum við þar augnablik til að rétta aðeins úr okkur og borða, tókst okkur að trufla þar göngur í leiðinni en það var nú ekkert stórvægilegt sem betur fer. Þegar þangað var komið héldum við upp á Eyvindarstaðaheiði og var þar frekar vetrarlegt um að litast og færðin misþung fyrir bílana sem við vorum á. Þurftu oft margar hendur að ýta stórum bílum og gekk það alltaf mjög vel enda hraustur og sterkur hópur þarna á ferð. En með smá brasi komumst við nú yfir Eyvindarstaðaheiði og að Blöndulóni og þaðan lá leið okkar í Hveravelli en ótrúlegt en satt þá fengu stelpur að spreyta sig á bílunum í snjónum og voru ekki allir sáttir að sjá þær koma æðandi fram úr sérstaklega ef menn voru fastir! Þegar í Hveravelli var komið voru sko hendur látnar standa fram úr ermum og hjálpuðust nokkrir við að undirbúa kjötið sem var svo grillað af karlpeningi ferðarinnar og smakkaðist afbragðs vel. Laugin var að sjálfsögðu nýtt og var auðvitað sungið þar frameftir stjörnuþjartri nóttu. Á sunnudeginum var farið mis snemma á fætur og þegar fólk var búið að borða morgunmatinn, pakka saman og þrifa kofann héldum við af stað heim en komumst nú ekki langt því einhverjum (nefnum engin nöfn) tókst að affelga Econoliner, því hann ákvað að keyra á eina steinin sem hann kom auga á. En að sjálfsögðu redduðum við þessu með nokkrum sleggjuhöggum og felgan alveg eins og ný. Eftir þetta gekk ferðin heim mjög vel og komum við til Akureyrar um kl 17:00. Þá voru bílarnir þrífir og allir voða ánægðir eftir frábæra ferð. Við undirritaðar viljum þakka hópnum fyrir frábæra ferð.

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir  
Hólmríður Katla Ketilsdóttir

# STRAUMRÁS

Förur 11 ma 3 - kur yr

Skrá 1 22 - N tí n str um r s n 0 0 s



# Nýr bíll

Björgunarsveitin er búin að festa kaup á nýjum Nissan Patrol og er verið að breyta honum fyrir 44" dekk hjá KT á Akureyri og hann verður búinn skriðgír, spili, settur í hann auka eldsneytistankur, fjarskipta- og staðsetningar-tæki auk annars búnaðar sem þarf að vera í svona björg-unartæki.

Bíllinn verður væntanlega afhentur um miðjan janúar-

mánuð. Kaup á þessum bíl er gríðarlega stórt verkefni fyrir okkur en kostar bíllinn um 6 milljónir króna.

Hjálparsveitin á eina sérútbúna jeppabifreið sem er að verða 9 ára gömul og munum við eiga hana áfram. Með þessum tveimur bílum verðum við betur í stakk búin til að sinna ýmsum verkefnum, meðal annars á hálendi Íslands.



Halli Gulli og Trausti mæta brettakant á nýja Patrolinn.



TÆKJASPORT  
& DEKK

## Nýr staður á nýju ári

- Allt fyrir tækjasporti
- Nýir og notaðir sleðar og hjól
- Aukahlutir, varahlutir, fatnaður, hjálmar ofl.
- Ahli- og dekkja- og smurfljónusta
- firif og viðgerðir

Ný miðstöð tækjasports á Akureyri!



Opnum fljótlega á nýju ári á Njarðarnesi 1  
TOYOTA Akureyri





Fjórir skrítnir á leið heim úr útkalli.

## Námskeið

### 19. janúar, GPS námskeið

Þetta námskeið var haldið í Bangsabúð. Farið var í notkun GPS tækja og korta og mættu 18 manns. Margir nýliðar mættu sem aldrei höfðu snert GPS tæki og var því farið hægt yfir. Leiðbeinandi var Pétur.

### 28.-3. mars, skyndihjálparnámskeið

Námskeið í Fyrstu hjálp 2 var haldið í Hrafnagilsskóla þessa daga. Var það vel sótt af félögum og leiðbeinandi var Anna Sigrún.

### 16. mars, björgunarmaður í aðgerðum

Miðvikudaginn 16. mars var haldið námskeiðið Björgunarmaður í aðgerðum í Bangsabúð. Leiðbeinandi frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu kom til okkar og kynnti uppbyggingu aðgerða og stjórnun þegar stóráföll verða og hvernig á að undirbúa björgunarmenn undir störf við slíkar aðstæður.

### 5. apríl, skyndihjálparnámskeið

Þetta námskeið var haldið í Bangsabúð. Þetta var hugsað sem námskeið fyrir unglíngadeildina og einnig sem upprifjunarnámskeið fyrir þá félagar sem voru á leið á

landsæfingu. Farið var yfir grunnatriðin í skyndihjálp og einnig var verkleg kennsla. Leiðbeinandi var Pétur.

### 28. október til 5. nóvember, Wilderness first responder námskeið

Þessa daga fóru tveir félagar frá Dalbjörgu á „Wilderness first responder“ námskeið á Gufuskálum. Þetta námskeið sérhæfir björgunarsveitarfólk í fyrstu hjálp í óbyggðum og veitir þeim meiri kunnáttu og réttindi heldur en almennur skyndihjálparmaður hefur. Þetta voru þau Kristján og Katla og stóðu þau sig með þryði.



Ekki leiðinlegt hjá Kötlu....

### 25.-26. nóvember, fyrsta hjálp

Þessa helgi var haldið námskeið í Fyrstu hjálp 1 í Hrafnagilsskóla. Það sóttu 16 manns, þar af fjórir á vegum Eyjafjarðarsveitar.

Leiðbeinandi var Gunnar Vilhjálmsson.



Við óskum landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.

**NORÐLENSKA**

- landsþing gæði





# Þjóðhátíð

Um verslunarmannahelgina fór 13 manna hópur til Vestmannaeyja til að vinna við gæslu á Þjóðhátíð. Var þetta í annað skiptið sem við fórum þangað í gæslu og er þetta með skemmtilegri fjáröflunum sveitarinnar.

Við komum til Eyja aðfararnótt föstudags og tókum þrjár 12-14 tíma næturvaktir yfir helgina. Við skiptum okkur í tvo hópa og vorum ásamt 8 öðrum hópum á rölti um svæðið, leystum ýmis vandamál og reyndum að hafa stjórn á skrílnum sem var að skemmta sér. Gekk þetta mjög vel, en þó var einn atburður sem skyggði á góða helgi, þar sem ráðist var á ungan mann og hann lá eftir meðvitundarlaus. Þjörgunarsveitarfólk var fljótt á vettvang til aðstoðar og ekki síst fyrir áræðni og kunnáttu nokkurra einstaklinga í Dalbjargarhópnum fór betur en á horfðist. Farið var með sjúklinginn á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og síðan í sjúkraflug til Reykjavíkur.

Þess má til gamans geta að þessi einstaklingur hafði samband við okkur nokkrum vikum seinna, hafði hann náð nánast fullum bata og vildi koma sérstöku þakklæti á framfæri til Dalbjargarmanna.



Dalbörg eldhress á þjóðhátíð!

Bestu óskir um  
**gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um  
**gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár



## Vífelfell

Furuvöllum 18 • Sími 525 2626

## Jón Sprettur

Viðjulundi 2

Sími 464 6464



**Flytjandi**  
- á réttri leið

**EIMSKIP**







Komdu í **Hrafnagilsskóla**  
og verslaðu flugeldana  
hjá flugeldamarkaði  
björgunarsveitanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG



FLUGELDAMARKAÐUR  
BJÖRGUNARSVEITANNA  
FLUGELDAR.15

# Ýmislegt



Þokkalega fastur í krapa...



Tómas alltaf kátur...



Ebbi og Grjóni alveg eðlilegir...



Eiður fer ekki trúðnar slóðir....

## Fjölskyldudagur

Annan í páskum var fjölskyldudagur Dalbjargar haldinn. Farið var á bílum og sleðum út á Flateyjarðalsheiði og fólk síðan ferjað á sleðunum upp í brekkurnar. Veðrið lék við okkur og skemmti fólk sér mjög vel. Margir tóku með sér snjóbretti eða snjóþotur og farið var nokkra túra um svæðið á sleðum. Við höfðum með okkur grill á staðinn og vakti það mikla lukku. Það var mjög vel mætt og þetta var hinn skemmtilegasti dagur.

## Fjáraflanir

Í sumar var unnið að því að aðstoða Hlyn á Akri við byggingu á hlöðu og var það ein af stærri fjáröflunum sveitarinnar í ár. Einnig sinntum við öðrum verkefnum, svo sem útstungu á Hóli, málningavinnu á Litla-Hamri og svo var kjallarinn á Hranastöðum dýpkaður. Eins og venjulega tókum við að okkur umferðargæslu á Glerártorgi fyrir jólin og í janúar vorum

við með gæslu á þorablóti á Hrafnagili. Við fórum líka með rúllubagga fyrir hestamenn upp í Laugarfell.

Svo verður auðvitað okkar árlega flugeldasala í Hrafnagilsskóla sem byrjar 28. desember.

## Fundir

Á árinu voru haldnir 9 almennir fundir og 5 stjórnarfundir. Auk þess var fulltrúaráðsfundur í Reykjavík, landsþing í sumar hér á Akureyri og nokkrir sérfundir, til dæmis svæðisstjórnarfundir á svæði 11 og flugeldasölufundir.

## Sleðaflokkur

Á árinu voru farnar nokkrar æfingaferðir hjá sleðaflokknum. Sleðarnir reynast gríðarlega vel og synd að við þurfum að endurnýja þá á næsta ári. Einnig voru nokkrir fundir haldnir og sleðarnir þrífir og yfirfarnir.



Gamli Ford á leið yfir Monikubru í Austurdal í sinni hinstu ferð.

E T  T LL

Glerárgötu 28 - Sími 4 600 700



**BCA Snjóflóðaleitarbúnaður**

**Skóflur & Ýlur**

Umboð á Íslandi  
motul.is  
Hvannaveitir - Akureyri  
www.motul.is / 461 5707

**MOTUL**



Kópavogssveitin á björgunarleikum.

Helgina 20.- 22. maí var mikið um að vera á Akureyri. Þá stóð Slysavarnarfélagið Landsbjörg fyrir fjölbreyttri dagskrá, bæði fyrir björgunarsveitarmenn og almenning. Meðal þess sem var í boði var þrautabraut Útivistarskólans, Sæbjörgin var til sýnis og sigldi með gesti um Pollinn, björgunarskip og bílar voru til sýnis og samæfing þyrlu, varðskips og björgunarskipa var á Pollinum. Einnig var brúðusýning og kassaklifur fyrir börnin. Í íþróttahöllinni var Landsþing Slysavarnarfélagsins Landsbjargar haldið og á laugardeginum voru björgunarleikarnir haldnir, en þar keppa björgunarsveitir í margs konar verkefnum. Það voru Hjálparsveitin Dalbjörg og Súlur, björgunarsveitin á Akureyri sem sáu sameiginlega um leikana og tókust þeir mjög vel. Í þetta sinn voru það sjö lið sem tóku þátt og voru þau flest af höfuðborgarsvæðinu.

Verkefni voru mjög fjölbreytt, en þau voru skyndihjálp, rústabjörgun, fjallabjörgun, sjóbjörgun, tækjaverkefni, almenn verkefni og loks sérverkefni sem í þessu tilfelli var fólgið í því að hlaupa með rúllubagga eftir þar til gerðri braut og vakti það mikla lukku. Síðasta verkefnið var svo í Kjarnaskógi þar sem liðin þreyttu kapphlaup og leystu ýmsar þrautir á leiðinni, til dæmis þurftu þau að tína steina upp í börur og halda á þeim í gegnum alla brautina. Þeir sem báru sigur úr býtum voru félagar úr Björgunarfélagi Akraness.

Um kvöldið var síðan haldin glæsileg árshátíð Landsbjargar og vorum við Dalbjargarmenn auðvitað fjölmennasta sveitin á svæðinu, en frá okkur mættu um 40 manns.

**LJÓSGJAFINN**

**SIEMENS**  
Tilheyrir fjölskyldunni

Gerárdóttu 34 • Sími 460 7788

ljosgjafinn@ljosgjafinn.is

www.ljosgjafinn.is

Redgreiðsur

**Parketslípun  
og lagning**

**Nýsmíði  
og viðhald**



**ÁK SMÍÐI**

**Sími 897 6036**



# Útköll

## Leit að hesti

Þann 4. janúar var óskað eftir aðstoð hjálparveitarinnar við leit að hrossi. Það hafði orðið viðskila við stóð á Bökkunum og ekkert sést til þess síðan um áramót. Farið var á tveimur sleðum og svæðið kembt og einnig var leitað með snjóflóðastöngum í stærstu skurðunum. Þrátt fyrir góða leit fannst hrossið þó ekki.

## Óveðursútkall

Þann 29. janúar fór hópur frá Dalbjörgu og aðstoðaði bændur á bænum Hvammi í Eyjafjarðarsveit við að festa þakplötur á fjósinu. Kjaljárn var laust og var það fest niður og nöglum bætt við víða um þakið.

## Leit á hálendinu

Um hádegi þann 21. mars hófu björgunarsveitir frá Eyjafirði, Húnavatnssýslum, Árnassýslu og úr Borgarfirði að svipast um eftir tveimur bílum á hálendinu í grennd við Hveravelli. Óskað var eftir að Dalbjörg setti sig í viðbragðstöðu með bílinn sinn auk þriggja manna áhafnar

Um klukkan 18:30 um kvöldið var óskað eftir að Dalbjörg tæki þátt í leitinni og voru 14 manns búnir að gera sig klára og voru flestir á leið í Bangsabúð þegar útkallið var afturkallað. Ætlunin var að 2 jeppar færu upp Kerhólsöxl en sleðarnir og snjóbíll færu vestur á Kjöl.

Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-LÍF fann seinni bílinn um kl. 19:30 um kvöldið. Um borð í bílnum voru þeir sem leit að hafði verið að, heilir á húfi.



Dalbjörg og Súlur á leið í björgunarleiðangur.

## Útkall á Nýjabæjarfjalli

Þann 16. apríl um kl. 18:30 voru björgunarsveitir á svæði 11 kallaðar út vegna týndra manna á vélsleðum. Fjórir menn á tveimur sleðum voru að koma norður Nýjabæjarfjall til byggða þegar þeir urðu viðskila á fjallinu. Annar sleðinn komst niður til byggða og kallaði til hjálps. Sleðamenn Dalbjargar voru að leggja af stað upp á Öxnadalshéið með sleða sveitarinnar þegar þeir voru afturkallaðir. Sleðinn sem týndist hafði bilað en þoka var á svæðinu.

## Aðstoð vegna sinubruna

Þann 19. apríl var Dalbjörg var kölluð til aðstoðar þegar bóndinn á Finnastöðum missti tökin á sinubruna. Hafði bóndinn fengið leyfi fyrir því að kveikja í sínu en varð að fá liðsinni þegar eldurinn tók að breiðast hratt út. Var yfir stórt svæði að fara og tók slökkvistarfið um þrjár klukkustundir. Fjöldi björgunarsveitar- og slökkviliðsmanna unnu að því að slökkva eldinn og var slökkvistarfinu lokið upp úr kl. 19. Fjallshlíðin brann á stóru svæði, langt upp í hlíðarnar.

## Aðstoð við að bjarga sleða

Laugardaginn 23. apríl fóru tveir menn á sleðum sveitarinnar út á Tröllaskaga til að aðstoða vélsleðamann. Tveimur dögum áður hafði maðurinn verið á leið frá Tungnahryggsjökli út á Lágheiði þegar hann missti sleð-

## Jeppi í Vonarskarði

Þann 12. mars voru Hjálparveitin Dalbjörg og Súlur björgunarsveitin á Akureyri fengnar til að bjarga jeppa í Vonarskarði. Jeppinn sem var stór, amerískur pallbill hafði ekið fram af 8 metra háum stalli og lent á hvolfi í stórgrýttri hvilft. Ökumaðurinn var einn í bílnum og slapp með skrámur. Farið var af stað á tveimur jeppum frá báðum sveitum til að ná jeppanum upp. Þetta gekk mjög vel og voru menn komnir til Akureyrar með bílinn um kvöldmatarleytið.



Landsvirkjun

www.lv.is



- ef þú vilt komast lengra!



Bíl bjargað inn á Eyjafjarðardal.

ann frá sér niður bratta brekku þar sem hann endaði á grjóti. Sleðinn var óökufær efst í Kolbeinsdal við jaðar jökulsins. Fóru 8 manns og héldu á sleðanum niður í Kolbeinsdal þar sem hægt var að sækja hann á farartækjum.

#### Ferðalöngum bjargað úr sandbleytu

Þann 11. júlí fóru menn úr hjálparseitinum og náðu upp bílaleigubíl sem erlendir ferðamenn höfðu fest í sandbleytu. Þeir voru á leið milli Laugarfells og Nýjadals þegar þeir festu bílinn við Bergvatnsskvið. Þeir gengu til baka í Nýjadal og létu vita af ferðum sínum og björgunarmenn sem voru á ferð í nágrenninu voru kallaðir til og náðu bílnum upp. Bíllinn var óökufær og var dreginn í Nýjadal.

#### Þjóðverjar í vanda

Seinnipartinn 5. ágúst barst hjálparseitinum beiðni um aðstoð frá skálaverði í Laugarfelli vegna Þjóðverja sem voru í vanda þar. Þjóðverjarnir voru á leið í Laugarfell en höfðu villst inn á afleggjarann að Berglandi um morguninn. Þeir voru komnir langleiðina í Bergland þegar dekk sprakk á bíl þeirra og gátu þeir ekki skipt um það. Gengu þeir 20-30 km í Laugarfell og óskuðu eftir aðstoð.

Menn frá Dalbjörg fóru á jeppa og sótti fólkið og jeppann sem var bílaleigubíll. Þurfti að keyra bílinn fyrir þau þar sem þau treystu sér ekki í fleiri ævintýri auk þess að vera þreytt eftir göngutúrinn.

#### Björgun úr Munkaþverárgili

Þann 19. ágúst óskaði lögreglan eftir aðstoð björgunarsveitarinnar við að bjarga konu upp úr Munkaþverárgili. Þegar björgunarlið kom á staðinn var konan látin og þótt erfitt væri að komast að henni gekk aðgerðin vel.

#### Aðstoð við ferðalanga

Þann 22. ágúst var farið að aðstoða ferðalanga sem voru í vandræðum 3 km austur af Laugarfelli. Höfðu þeir eyðilagt dekk á bíl sínum og voru ekki með neitt varadekk. Farið var með dekk til að hjálpa þeim til byggða.

#### Aðstoð við að ná kindum

Þann 13. september fóru menn úr hjálparseitinum inn á Djúpadal til að ná kindum. Ein kind var komin í sjálfheldu ofan í Strjúsgárgili og sigu menn að henni til að ná til hennar og gekk það mjög vel.



- ▶ Malbikun
- ▶ Malbiksviðgerðir
- ▶ Kranabíll
- ▶ Vinnulyftur



Sími

**462 6066**

892 8330 - Fax 462 6306

Flögusiða 2 - 603 Akureyri - malbikunkm@islandia.is

# Fljótandi malbik

## Gussasphalt

Frábær lausn fyrir  
mjaltabása,  
mjólkurhús  
og margt fleira





Lesið yfir unglíngunum á Hrafnagili.

## Flugeldafíkt er stórhættulegt!

Fimmtudaginn 8. desember fóru þrír félagar úr hjálpar-sveitinni í heimsókn Hrafnagilsskóla. Voru þeir að kynna og brýna fyrir nemendum 8.-10. bekkjar hætt-una sem fylgir flugeldum og fíkti með þá. Þeim var

sýnt myndband sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg lét gera og hefur eflaust fengið einhverja til að hugsa sig tvisvar um.



**BETRI LAUSN  
FYRIR FAGMENN**



Bestu óskir um  
**gleðileg jól**  
og farsælt nýtt ár



**V'T YGGI G FÉL G  
ÍSL S HF**



*Sendum viðskiptavinum okkar óskir um heillaríkt nýtt ár með þökkum fyrir viðskiptin á árinusem er að líða.*



Verslun Glerártorgi - Sími 460 4800  
Timburverslun Furuvöllum 1 - Sími 460 4860

# Síminn



**Þjónustuver**

**Sími 800 7000**

**www.siminn.is**





# Unglingadeild Dalbjargar

Á þessu ári var unglíngadeild Dalbjargar, Bangsar stofnuð og var fyrsti fundur hennar haldinn 13 mars. Það er Katla Ketilsdóttir sem hefur haft veg og vanda að stofnun deildarinnar og er hún yfirumsjónarmaður deildarinnar en auk hennar hafa margir félagar Dalbjargar lagt sitt af mörkum. Krakkarnir geta byrjað í deildinni þegar þau eru að byrja í 9 bekk og nú eru 29 krakkar starfandi í deildinni. Aðal tilgangur deildarinnar er að kynna fyrir unglíngunum starf björgunarsveitarinnar. Stóri þátturinn er að fá krakkana til að koma út frá tölvunum og sjónvarpinu til að gera eitthvað uppbyggilegt eins og að fara í gönguferðir, sig, klifur, læra skyndihjálp, áttavita ofl.

Deildin fundar eða er með æfingar eða námskeið hálfsmánaðarlega og meðal þess sem krakkarnir hafa gert er kassaklifur, sig í Munkapver-



Unglingadeildin vissi hvað hún átti að gera við formanninn...!

árgílinu, gönguferð í Borg í Djúpadal og einnig fóru krakkarnir í klifurvegginn í húsi Björgunarsveitarinnar Súlna á Akureyri. Núna nýlega var

haldið tveggja daga námskeið í fyrstu hjálpi. Helgina eftir námskeiðið fóru krakkarnir í heimsókn til unglíngadeildarinnar á Dalvík þar sem var farið í klifurvegginn, á bátana og margt fleira skemmtilegt. Stærsti viðburðurinn var þegar þau fóru á Landsmót unglíngadeilda sem var haldið á Selfossi dagana 11-14 ágúst. Á mótinu tóku þau þátt í fjölda verkefna s.s skyndihjálpi, sigi, fóru á báta og margt fleira ásamt unglíngum víðsvegar af landinu. Á kvöldin voru varðeldar, söngur og síðan var gíst í tjöldum.

Næst á dagskrá hjá okkur er að halda fjallamennskunámskeið, ef það finnst snjór einhversstaðar, og ætla krakkarnir í unglíngadeildinni í Mývatnssveit að koma í heimsókn til okkar í janúar. Unglígarnir standa sjálfir undir rekstri deildarinnar en Aðalsteinn í Fallorku styrkti við bakið á deildinni við stofnun hennar. Hafa krakkarnir verið með dósasöfnun en þeim vantar samt fleiri leiðir til að safna fé þar margir eru um hitunina.

Starfið er orðið mjög öflugt og er foreldrum velkomið að kynna sér starf deildarinnar og geta þeir mætt á fundi með krökkunum sínum. Þetta er orðin ein af stærstu og líflægustu félagseiningum í Eyjafjarðarsveit.

Katla Ketilsdóttir  
Sunna Axelsdóttir



baldvin í kassaklifri

# Minningar frá minni fyrstu samæfingu

Kannski kemur maður endanlega upp um sig hvað maður er orðinn gamall, en ég er búinn að starfa með Dalbjörg í rúm 20 ár og mig minnir að það hafi verið í mars 1984 sem eg fór á mína fyrstu samæfingu björgunarsveita. Æfingin var hér norðan heiða og á okkar heimasvæði kannski vegna slyss sem varð 3 árum áður þegar 2 drengir fórust á Finnastaðadal.

Á þessum tíma var Björgunarsveitin Súlur ekki heldur til en Hjálparveit skáta á Akureyri var með húsnæði niður í Kaldbaksgötu og þar var mæting snemma morguns þar sem allir fengu sín verkefni og lenti ég með fríðum hópi sunnanmanna. Við fengum það hlutverk að fara gangandi upp Finnastaðadal því þar áttu tveir menn að hafa lent í snjóflóði. Var nú liðinu smalað upp í bíla og keyrt fram eftir. Man ég vel að ég dauðöfundaði þetta lið sem með mér var fyrir flottu fötin og græjurnar sem þau voru með. Veður var ekki með besta móti en við létum það ekki á okkur fá og lögðum af stað í 3 hópum. Er upp á dalinn kom



Ingvar Þröstur Ingólfsson „á fjöllum“.

var komin slydduhríð og skyggni vont og ekki leið á löngu þar til fyrstu menn treystu sér ekki lengra. Ég man það eins og gerst hefði í gær hvað ég var hissa á hve fækkaði fljótt í liðinu. Við vorum aðeins örfá sem náðum áætluðum leiðarenda. Sá ég þá hvað gamli Wangs gallinn minn var góður, því fyrir mér var þetta nú bara svona venjulegt vetrarveður. Leystum við verkefnið og héldum til byggða aftur. Í bílunum á leið í bæinn hlustaði ég á frásagnir manna og kvenna af þessu ævintýri og verður að segjast að þær urðu æsilegri en raunveruleikinn hafði verið.

Mikið hefur þjálfun og búnaður nú breyst frá þessum tíma, ég held að búkkasleðar hafi t.d. ekki þekkt og öflugustu snjóbílnir voru Snow-cat eins og gamli Éli okkar var. En engu að

síður varð ég reynslunni ríkari eftir þessa æfingu eins og þær fleiri sem ég hef farið á.

Ingvar Ingólfsson.

## Hjartarafstuðtæki getur skilið milli lífs og dauða



**Sjálfvirkt Samaritan stuðtæki gerir mögulegt að bjarga lífi, hugsanlega þínu eigin lífi.**

Í sjónvarpinu hefur þú séð einstaklingi á þröskuldi dauðans vera stuðaður til lífs. Nú getur þú gert það sama með nýja Samaritan stuðtækinu sem talar íslensku og leiðbeinir þér.

Það er sjálfsgagt að vera með reykskynjara og slökkvitæki fyrir hús. Varaaflgjafa fyrir tölvur. Startappla fyrir bíla. Hvað með fólkíð sem er óbætanlegt. Bestur árangur næst ef hægt er að veita stuð innan 3ja mínútna frá hjartastoppi, lífslíkur geta þá verið yfir 70%. Eftir 5 mínútur eru lífslíkur komnar í um 50%. Hvað er hjálp lengi að berast til þín?


**Samaritan® AED og PAD** eru ótrúlega lítil, létt og ódýr hjartarafstuðtæki en með alla nýjustu tækni.

**Íslenskt tal og tákni á skjá** leiðbeina um björgun manns úr hjartastoppi. Því betri aðgangur að hjartarafstuðtækjum því fleiri lífum verður bjargað.

**Nú þegar eru hjartarafstuðtæki frá Donna í notkun hjá sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, björgunarsveitum, sundstöðum, skipum, opinberum byggingum, heimilum og víðar.**

Nánari upplýsingar og virkni tækisins sýnd á heimasíðu [www.donna.is](http://www.donna.is) og [www.heartsine.com](http://www.heartsine.com)

**Donna**  
Sími 555 3100 • [www.donna.is](http://www.donna.is)



# Við þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning!



**TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN**

Þegar mest á reynir!  
Sími 460 2300



**SPARISJÓÐUR  
NORÐLENDINGA**

Skipagötu 9 · 602 Akureyri · Sími: 460 2500  
www.spnoris



**K**

**NKI**

Sá þú þá framtíðina?



**BLIKKRÁS EHF**

Óseyri 16 603 Akureyri



**VÖRUBÆR**

HÚSBAGNAVERSLUN

Tryggvabraut 24 · Akureyri · Sími 462 1410



**Garðsbúið ehf.**

Laugavegur 100

**Vélaborg ehf.**



**NORÐURMJÓLK**



Akureyri · Sími 460 3636  
www.olis.is



**ÍSLANDBANKI**

AKUREYRI



**Matur & Mörk**  
Frétagötu 3c · Akureyri



**TRÉBORG hf**  
F. T. V. S. T. F. T.



Glerártorgi · Sími 461 1445



**HÚSASMÍÐJAN**

Skútuvogi 16 · Sími 525 3000

**rim** **r**  
kur yr



**Landsbankinn**

**'S Y GI-fi'**  
S MI 2 32

YGGING VE KT KI

**DÖTAKASSINN**  
K u n sstr. - S m 2 7755



VERSLUNIN

**Brynja**

Aðalstræti 3  
Akureyri



**B. JENSEN ehf.**  
BLAÐERUDDI · ALUSTEIGNARLEIÐ



# KOMINN ÚT Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU

Við bjóðum starfsmenn Arctic Trucks hjartanlega velkomna til samstarfs. Eins og allir jeppaáhugamenn vita, standast þeim fáir snúninginn þegar kemur að því að breyta jeppum og laga að íslenskum aðstæðum. Með samstarfi við Arctic Trucks eykst nú hróður Nissan Patrol enn frekar – enda á upphaldsjeppi Íslendinga aðeins það besta skilið.



## NISSAN PATROL

Patrol **35/17** - Luxury sjálfskiptur

**Verð 4.980.000,-**

KAUPAUKI: 100.000 kr. GJAFABRÉF FRÁ **ORMSSON**



SKIPT\_um væntingar

### 35" BREYTING:

Dick Cepek 35x12.5R17 – Prime 17x10 álfelgur – Átaksmælir – Brettakantar – Málning á brettaköntum – Aurhlífar Hraðamælabyrtir – Slökkvitæki – Sjúkrakassi – 30mm hækkun á fjöðrun að framan og 37mm aftan – Aukin spindilhali 6,5° með breyttum stífum að framan – Fjöðrunarsvið aukið um 40mm – Tvöfaldur liður í drifskaft – Sérskoðun og vigtun – Ryðfrí grillgrind – 130W ljóskastarar



Í SAMSTARFI VIÐ NISSAN